

13. október 2011

## Smásöluvísitala Rannsóknaseturs verslunarinnar:

### Aukin velta í verslunum í september

Velta í dagvöruverslun jókst um 3,2% á föstu verðlagi í september miðað við sama mánuð í fyrra og um 8,6% á breytilegu verðlagi. Leiðrétt fyrir árstíðabundnum þáttum jókst velta dagvöruverslana í september um 1,6% frá sama mánuði í fyrra. Verð á dagvöru hefur hækkað um 5,3% á síðastliðnum 12 mánuðum.

Sala áfengis jókst um 6,7% í september miðað við sama mánuð í fyrra á föstu verðlagi og um 10,1% á breytilegu verðlagi. Leiðrétt fyrir árstíðabundnum þáttum nam samdráttur í veltu áfengis í september 0,3% frá sama mánuði í fyrra. Verð á áfengi var 3,2%3,1% hærra í september síðastliðnum en í sama mánuði í fyrra.

Fataverslun dróst saman um 3,1% í september miðað við sama mánuð í fyrra á föstu verðlagi og um 3,4% á breytilegu verðlagi á sama tímabili. Leiðrétt fyrir árstíðabundnum þáttum dróst velta fataverslunar í september saman um 2,1% frá sama mánuði árið áður. Verð á fötum var 0,2% lægra en í sama mánuði fyrir ári.

Velta skóverslunar dróst saman um 0,4% í september á föstu verðlagi en jókst um 0,8% á breytilegu verðlagi miðað við sama mánuð í fyrra. Verð á skóm hækkaði um 1,1% frá september í fyrra.

Velta húsgagnaverslana jókst um 12,4% í september frá sama mánuði í fyrra á föstu verðlagi og um 16,6% á breytilegu verðlagi. Verð á húsgögnum var 3,7% hærra í september síðastliðnum miðað við sama mánuð í fyrra. Velta sérsverslana með rúm jókst um 23,7% frá sama mánuði í fyrra á föstu verðlagi. Velta í sölu skrifstofuhúsgagna var 11,5% meiri í september síðastliðnum samanborið við sama mánuð í fyrra á föstu verðlagi.

Sala á raftækjum í september jókst um 7,1% á föstu verðlagi og um 2,0% á breytilegu verðlagi. Verð á raftækjum var 4,8% lægra en í september 2010.

sep.11	Breytilegt verðlag		Fast verðlag		Fast verðlag, árstíðaleiðrétt	
	Breyting frá síðasta mánuði	Breyting frá síðasta ári	Breyting frá síðasta mánuði	Breyting frá síðasta ári	Breyting frá síðasta mánuði	Breyting frá síðasta ári
Dagvara	-7,0%	8,6%	-7,5%	3,2%	-0,5%	1,6%
Áfengi	-4,6%	10,1%	-4,8%	6,7%	0,6%	-0,3%
Föt	-8,7%	-3,4%	-12,5%	-3,1%	3,9%	-2,1%
Skór	-11,3%	0,8%	-14,2%	-0,4%	-9,4%	-0,2%
Húsgögn	-5,2%	16,6%	-7,3%	12,4%	0,1%	12,0%
Raftæki	-12,3%	2,0%	-13,6%	7,1%	-2,3%	7,1%

## Verðlag og neysla

Landsmenn gerðu heldur betur við sig í mat í september síðastliðnum en í sama mánuði í fyrra þó verð hafi þokast upp á við. Þetta er í samræmi við aðrar vísbendingar um að einkaneysla fari vaxandi. Verðlag á matvælum hefur farið hækkandi það sem af er ári, sem má rekja til hækkana sem orðið hafa á hrávörumörkuðum. Þannig var heimsmarkaðsverð á kaffi 30% hærra í september síðastliðnum heldur en í sama mánuði í fyrra og verð á sykri hafði hækkað um 23% á sama tímabili.

Sala á sérvörum eins og húsgögnum og raftækjum hefur aukist það sem af er þessu ári samanborið við sama tímabil á síðasta ári. Verð á þeim hefur ekki hækkað jafn mikið og á matvælum á milli ára og dæmi eru um verðlækkunir. Þannig hefur verð á raftækjum lækkað um 8% á tveimur árum. Þó almennt sé aukning í sérvöruverslun á það ekki við um fata- og skóverslun, sem sker sig nokkuð úr hvað þessa þróun varðar. Fataverslun hefur dregist saman það sem af er þessu ári miðað við síðasta ár. Hugsanlegt er að neytendur séu orðnir nægjusamari í fatavali eða velji ódýrari fatamerki en áður var.

Aukin verslun gefur til kynna að einkaneysla fari vaxandi. Einnig er hugsanlegt að aukinn fjöldi erlendra ferðamanna hafi áhrif á verslun, en í september voru 26,2% fleiri ferðamenn hér á landi en í sama mánuði í fyrra. Erlend greiðslukortavelta hér á landi var 17% meiri yfir sumarmánuðina júní til ágúst en á sama tímabili í fyrra.

Nánari upplýsingar veita Kári Joensen ([kari@bifrost.is](mailto:kari@bifrost.is)) í síma 862 4554 og Emil B. Karlsson ([emil@bifrost.is](mailto:emil@bifrost.is)), forstöðumaður Rannsóknaseturs verslunarinnar.